

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 327/2022

2023/EES/48/38

frá 9. desember 2022

## um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/951 frá 24. maí 2022 um breytingu á tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2070 að því er varðar viðmiðunareignasöfn, skýrslusniðmát og skýrslugjafarfyrirmæli sem beita á í Sambandinu fyrir skýrslugjöfina sem um getur í 2. mgr. 78. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB <sup>(1)</sup>.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 14m (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2070) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 0951**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/951 frá 24. maí 2022 (Stjtið. ESB L 174, 30.6. 2022, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/951, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kristján Andri Stefánsson**

formaður

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 174, 30.6.2022, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.